

Nd.

141. Frumvarp til laga

[86. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

3. másl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo: Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærrí en 12 af þúsundi.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgrein 6. gr. en svarar 2% af fasteignarverði lands og lóða og 1% af fasteignarverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði; móti framlagi, er nemur 4%—10% af land- og lóðaverði og 2%—5% af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

Ef sýslufélag, hreppsfélag eða vegafélag leggur fram fé til sýsluvegasjóðs umfram hámarksniðurjöfnun samkvæmt 3. gr. og án lántöku, greiðir ríkissjóður jafna fjárhæð á móti slíku aukaframlagi, þó ekki meira en sem nemur helmingi vegaskattsins, sem lagður er á í sýslunni á því sama ári. Það er skilyrði fyrir greiðslu ríkissjóðs á móti aukaframlagi, að upphæð þess sé ákveðin og tilkynnt ráðuneyti því, er fer með vegamál, áður en ríkisstjórnin lýkur við að semja fjárlagafrumvarp fyrir það ár, sem framlagið á að greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 50 17. maí 1947.

Greinargerð.

Í frv. þessu er lagt til, að ríkissjóður leggi fram fé á móti aukaframlögum úr héruðum til sýsluvegasjóða umfram hámarksniðurjöfnun vegaskatts. Aukaframlag ríkissjóðs sé þó ekki hærra en sem nemur helmingi vegaskattsins, sem á sama ári er á lagður í því héraði, er hlut á að máli. Það skilyrði er sett fyrir slíku aukaframlagi úr ríkissjóði, að vegamálaráðuneytinu sé tilkynnt upphæð aukaframlags úr héraði áður en lokið er að semja fjárlagafrumvarp fyrir það ár, sem framlagið á að greiða úr ríkissjóði. Er þetta ákvæði sett til þess að hægt sé að setja aukaframlögin í fjárlagafrumvörp stjórnarinnar.

Árið 1947 var gerð breyting á lögum þessum og þá lögtekin þau ákvæði um tekjur sýsluvegasjóða, sem eru í 1. gr. og 1. málsgr. 2. gr. þessa frv. Flm. telur hagkvæmt að taka þau ákvæði í þetta frv., svo að lögin frá 1947 geti fallið úr gildi um leið og frv. verður að lögum. Ákvæði 2. málsgr. 2. greinar er því eina nýmælið, sem fram er horið í þessu frv.

Á síðasta aðalfundi sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu var samþykkt ályktun um þetta mál, þar sem óskað var eftir greiðslum úr ríkissjóði á móti aukaframlögum úr héruðum til sýsluvegasjóða. Er frv. þetta flutt vegna tilmæla frá sýslunefndinni.